



Hraunvallaskóli  
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 29.04. 2022. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Ásta Björk Björnsdóttir (fjarverandi), Guðbjörg Norðfjörð, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir (fjarverandi), Arna Rut Hjartardóttir, Dröfn Sigurðardóttir (fjarverandi), Kári Hlynsson og Bryndís Björk Guðvarðardóttir.

## Fundur skólaráðs og nemendaráðs Hraunvallaskóla

Dagskrá:

### 1. Breytingar á starfi unglindadeildar næsta skólaár.

Skólastjóri fór yfir fyrirhugaðar breytingar á kennsluskipulagi í unglindadeild næsta skólaár. Breytingarnar koma í kjölfar þess að unglingadeildin er að færast inn í aðalbyggingu og kennsla mun fara fram á opnum svæðum líkt og gert er í 1.-7. bekk. Lagt er upp með að auka samþættingu og vinnustundir og að nemendur hafi meiri áhrif á nám sitt þannig að ábyrgð þeirra og sjálfstæði aukist.

### 2. Innra mat – Skólapúlsinn.

Farið var yfir næst síðustu mælingu ársins. Niðurstöður er í takt við það sem áður hefur komið fram í vetur.

### 3. Húsnæðismál

Sagt var frá framkvæmdum á skólalóð en verið var að fjarlægja lausa mól og helluleggja í staðinn. Eins var útbúinn stígur að hjólabrettavelli sem kemur vel út. Þá er verið að bæta hljóðvist í íþróttahúsi en þeim framkvæmdum er ekki alveg lokið. Farið var yfir fyrirhugaðar breytingar á Flettuvöllum til að mæta þörfum Fjölgreinadeildar sem þar mun hefja störf í haust.

### 4. Mat á störfum skólaráðs eftir veturinn

Almenn ánægja var með störf skólaráðs í vetur en fundur skólaráðs og nemendaráðs skólans þótti vel heppnaður og efla mætti þau tengsl betur næsta skólár. Eins þótti mikilvægt að stíga markviss skref í að efla foreldrastarfið sem hefur legið niðri vegna heimsfaraldurs.

### 5. Önnur mál

Fulltrúi kennara reifaði hugmyndir um matarmenningarhátíð, þar sem lagt væri upp með fagna fjölmenningu innan skólans, og Hraunvallaskóg, þar sem nemendur planta trjám og borga til baka blöð og pappír sem þau hafa notað á skólagöngu sinni. Bæði verkefni þóttu áhugaverð og gaman væri að leita leiða til að koma þeim á koppinn.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*